



Vinnureglur fyrir öryggisbúraskoðun AKÍS

Skráningarferli

1. Eigandi keppnistækis sækir um skoðun öryggisbúri þess til AKÍS með því að senda tölvupóst á netfangið akis@akis.is
2. AKÍS svarar tölvupóstinum með staðfestingu á móttöku fyrirspurnarinnar og bókar skoðun.
3. Tveir skoðunarmenn taka út byggingu öryggisbúrs, suður og frágang samkvæmt reglum. Annar skal hafa réttindi í suðu og hæfileika til að meta gæði og ástand suðu. Hinn skal þekkja gildandi reglur um öryggisbúrasmiði og staðfesta með mælingum og skoðun að öryggisbúr sé byggt samkvæmt þeim. Þá skal taka myndir samkvæmt forskrift sem vistaðar verða í gagnagrunn hjá AKÍS.
4. Þegar öryggisbúraskoðun lýkur án athugasemda fær eigandi þess staðfestingu á því og skráningu þess í gagnagrunn með raðnúmeruðum límmiða sem skoðunarmaður eða fulltrúi AKÍS límir á búið.
5. Geri skoðunarmenn athugasemdir við öryggisbúrið skal gefa eiganda tækifæri til úrbóta og endurskoða að þeim loknum.
6. Öryggisbúr skal hafa hlotið skoðun án athugasemda og álímdan límmiða því til staðfestingar áður en keppni hefst.

Vinnuferli

1. Búraskoðunarmenn senda allar upplýsingar um öryggisbúrið til AKÍS sem heldur utan um gagnagrunn skráðra öryggisbúra.
2. Skoðunarmenn á keppnum geta nálgast allar upplýsingar um keppnistækin og öryggisbúr þeirra í gegnum mótakerfi AKÍS.
3. Ef öryggisbúr skemmist í keppni skal skoðunarmaður fjarlægja límmiða með skráningarnúmeri þess. Þá skal ökumanni bent á að lagfæringa sé þörf og keppnistæki þarf að fara í gegnum nýja búraskoðun.
4. Skoðunarmaður skal skila skýrslu um slík atvik til AKÍS svo fljótt sem kostur er eftir að keppni lýkur.
5. AKÍS sendir tilkynninguna til öryggisráðs til upplýsingar.